



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 29.01.2019
1809183 HS

Efni: Aðalskipulag Flóahverfi breyting

Á fundi skipulags- og umhverfissráðs, sem haldinn var þann 28. janúar s.l., var fjallað tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna stækkunar Flóahverfis, sem hefur verið afgreidd til auglýsingar. Verkfræðistofan Efla hefur fyrir hönd Landsnets óskað eftir því að gert verði ráð fyrir 66 kV jarðstreng, flutningslínu raforku, milli Brennimels og tengivirkis á Akranesi. Tillaga að legu strengsins suðaustan Flóahverfis var unnin í samráði við Skipulags- og umhverfissvið og skipulagsráðgjafa. Gera þarf grein fyrir legu strengsins á aðalskipulagsupprætti og er því lagt til að hann verði færður inn á breytingarblað vegna Flóahverfis.

Lögð er fram endurskoðuð tillaga vegna stækkunar Flóahverfis þar sem jarðstrengurinn er sýndur og lagt til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. sviðsstjóra er falið að senda endurskoðaða breytingartillögu til Skipulagsstofnunar til yfirferðar.

Bókun skipulags- og umhverfissráðs.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn, að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Hafdís Sigurpórsdóttir
fulltrúi

Meðf.: Aðalskipulagsuppráttur